

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Táknafjarðarhrepps nr. 48/2007.

1. gr.

Í stað „félagsmálaráðuneytisins“ í 5. mgr. 15. gr. samþykktarinnar kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. samþykktarinnar:

- a) 9. tölul. verður svohljóðandi: *Hafnarstjórn*. Þrír aðalmenn og þrír til vara, sem fara með málefni hafnarstjórnar skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
- b) 15. tölul. verður svohljóðandi: *Skólanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
- c) 16. tölul. fellur niður.
- d) 17. tölul. verður 16. tölul. og verður svohljóðandi: *Bygginga-, skipulags- og umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Jafnframt fer nefndin með umferðarmál, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og málefni gróðurverndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965.
- e) 17. tölul. verður svohljóðandi: *Þjónustuhópur aldraðra*. Nefndin er sameiginleg með Vesturbyggð. Táknafjarðarhreppur kýs einn fulltrúa og einn til vara.

3. gr.

Í stað „félagsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 58. gr. samþykktarinnar kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

4. gr.

Í stað „félagsmálaráðuneytinu“ í 62. gr. samþykktarinnar kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

5. gr.

Í stað „félagsmálaráðuneytinu“ í 4. mgr. 63. gr. samþykktarinnar kemur: samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 13. ágúst 2010.

F. h. r.

Stefanía Traustadóttir.

Hjördís Stefánsdóttir.